**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1842** **2022/EES/34/54**

**frá 20. október 2021**

**um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir flúpýradífúrón og díflúoróediksýru í eða á tilteknum afurðum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 49. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir flúpýradífúrón og díflúoróediksýru.

2) Í tengslum við málsmeðferð sem varðaði leyfi fyrir plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið flúpýradífúrón til notkunar á jarðarber, ólífur til átu, okrur, blómkál, spergilkál, rósakál, höfuðkál, grænkál, hnúðkál, salat og salatplöntur, spínat og áþekk blöð, kryddjurtir og æt blóm, baunir, ertur, repjufræ, mustarðsfræ og ólífur til olíuframleiðslu var sótt um, skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2006, að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir flúpýradífúrón og helsta umbrotsefni þess, díflúoróediksýru.

3) Í samræmi við 2. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr.396/2006 var lögð fram umsókn um innflutningsvikmörk að því er varðar flúpýradífúrón til notkunar á sítrusávexti, kaktusfíkjur, baðmullarfræ, sykurmaís, bygg, maís, dúrru og hveiti í Bandaríkjunum, á trjáhnetur, kjarnaávexti, þrúgur, bláber, rótar- og hnýðisgrænmeti, tómata, paprikur, eggaldin, melónur, sellerí, belgávexti, jarðhnetur, sojabaunir og humla í Bandaríkjunum og Kanada, á kaffibaunir í Brasilíu og á kakóbaunir í Gana og Côte d'Ivoire (Fílabeinsströndinni). Umsækjendurnir halda því fram að viðurkennd notkun þessa efnis á slíkar nytjaplöntur í þeim löndum leiði til þess að styrkur leifa verður meiri en hámarksgildi leifa fyrir flúpýradífúrón og díflúoróediksýru í reglugerð (EB) nr. 396/2005 segir til um og að nauðsynlegt sé að setja hærra hámarksgildi leifa til að komast hjá viðskiptahindrunum við innflutning á þessum nytjaplöntum.

4) Í tengslum við þessar umsóknir lagði umsækjandinn viðbótarvettvangsrannsóknir á plöntum í skiptiræktun og fóðrunarrannsóknir á búfé fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Holland (Niðurland) innan þeirra tímamarka sem sett voru samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/486 ([2]).

5) Holland (Niðurland) mat þessar umsóknir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslurnar voru sendar framkvæmdastjórninni.

---

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 373, 21.10.2021, bls. 76. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/486 frá 29. mars 2016 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýasófamíð, sýkloxýdím, díflúorediksýru, fenoxýkarb, flúmetralín, flúópíkólíð, flúpýradífúrón, flúxapýroxað, kresoxímmetýl, mandestróbín, mepanípýrím, metalaxýl-M, pendímetalín og teflútrín í eða á tilteknum afurðum (Stjtíð. ESB L 90, 6.4.2016, bls. 1.).

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á umsóknirnar og matsskýrslurnar og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr, og skilaði rökstuddum álitum um tillögð hámarksgildi leifa ([3]). Hún sendi þessi álit til umsækjenda, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði þau aðgengileg almenningi.

7) Að því er varðar flúpýradífúrón á kaktusfíkjur, melónur, tómata og humla komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að framlögð gögn væru ekki fullnægjandi til að fastsetja ný hámarksgildi leifa. Að því er varðar flúpýradífúrón á sellerí var ekki unnt að útiloka áhyggjuefni í tengslum við bráða inntöku. Að því er varðar allar aðrar umsóknir komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að allar kröfur um gögn hefðu verið uppfylltar og að breytingarnar, sem umsækjendurnir óskuðu eftir að yrðu gerðar á hámarksgildunum, væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Hún tók tillit til nýjustu upplýsinga um eiturefnafræðilega eiginleika efnanna. Hvorki þótti sýnt að ævilöng váhrif af völdum þessara efna vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið þau, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum sköpuðu hættu á að farið yrði yfir ásættanlega daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.

8) Í kjölfar mats á viðbótarvettvangsrannsóknum á plöntum í skiptiræktun og fóðrunarrannsóknum á búfé mælti Matvælaöryggisstofnunin með því að hækka, lækka eða viðhalda gildandi hámarksgildum leifa fyrir flúpýradífúrón og díflúoróediksýru í plöntum í skiptiræktun og afurðum úr dýraríkinu. Matvælaöryggisstofnunin lagði einkum til að hámarksgildi leifa fyrir flúpýradífúrón í vínviðarlaufum og díflúoróediksýru í maís, kakóbaunum og svínalifur yrðu lækkuð. Fastsetja ætti þessi hámarksgildi leifa í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.

9) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðkomandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

10) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.

11) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

12) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarráðstöfun vegna afurða sem hafa verið framleiddar áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri neytendavernd sé viðhaldið.

13) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

---

([3]) Vísindaskýrslur Matvælaöryggisstofnunar Evrópu eru aðgengilegar á Netinu á: http://www.efsa.europa.eu:
„Reasoned opinion on the setting of import tolerances, modification of existing maximum residue levels and evaluation of confirmatory data following the Article 12 MRL review for flupyradifurone and DFA.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(6), 6133.
„Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue levels for flupyradifurone and DFA in rapeseeds/canola seeds and mustard seeds.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(11), 6298.
„Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue levels for flupyradifurone and DFA in okra/lady's finger.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(5), 6581.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 396/2006, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, skal gilda áfram um flúpýradífúrón í vínviðarlaufum og um díflúoróediksýru í maís, kakóbaunum og svínalifur þegar um er að ræða afurðir sem voru framleiddar í Sambandinu eða fluttar inn til Sambandsins fyrir 10. maí 2022.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 10. maí 2022 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir flúpýradífúrón í vínviðarlaufum og díflúoróediksýru í maís, kakóbaunum og svínalifur.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. október 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í II. viðauka er eftirfarandi dálkum bætt við fyrir díflúorediksýru og flúpýradífúrón:

„**Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)**

| **Kenninúmer** | **Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um** ([a]) | **Díflúoróediksýra** | **Flúpýradífúrón** |
|---|---|---|---|
| 1) | 2) | 3) | 4) |
| 0100000 | **NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR** | | |
| 0110000 | **Sítrusávextir** | | |
| 0110010 | Greipaldin | **0,05** | **3** |
| 0110020 | Appelsínur | **0,05** | **3** |
| 0110030 | Sítrónur | **0,05** | **1,5** |
| 0110040 | Súraldin | **0,05** | **1,5** |
| 0110050 | Mandarínur | **0,05** | **1,5** |
| 0110990 | Annað (2) | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0120000 | **Trjáhnetur** | **0,04** | **0,02** |
| 0120010 | Möndlur | | |
| 0120020 | Parahnetur | | |
| 0120030 | Kasúhnetur | | |
| 0120040 | Kastaníuhnetur | | |
| 0120050 | Kókoshnetur | | |
| 0120060 | Heslihnetur | | |
| 0120070 | Goðahnetur | | |
| 0120080 | Pekanhnetur | | |
| 0120090 | Furuhnetukjarnar | | |
| 0120100 | Pistasíuhnetur | | |
| 0120110 | Valhnetur | | |
| 0120990 | Annað (2) | | |
| 0130000 | **Kjarnaávextir** | **0,2** | **0,6** |
| 0130010 | Epli | | |
| 0130020 | Perur | | |
| 0130030 | Kveði | | |
| 0130040 | Trjámispilsaldin | | |
| 0130050 | Dúnepli/japansplómur | | |
| 0130990 | Annað (2) | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0140000 | **Steinaldin** | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0140010 | Apríkósur | | |
| 0140020 | Kirsuber (sæt) | | |
| 0140030 | Ferskjur | | |
| 0140040 | Plómur | | |
| 0140990 | Annað (2) | | |
| 0150000 | **Ber og smá aldin** | | |
| 0151000 | a) **Þrúgur** | 0,15 | **3** |
| 0151010 | Vínber til neyslu | | |
| 0151020 | Vínþrúgur | | |
| 0152000 | b) **Jarðarber** | **0,3** | 0,4 |
| 0153000 | c) **Klungurber** | | |
| 0153010 | Brómber | 0,07 | 1,5 |
| 0153020 | Daggarber | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0153030 | Hindber (rauð og gul) | 0,07 | 1,5 |
| 0153990 | Annað (2) | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0154000 | d) **Önnur smá aldin og ber** | | |
| 0154010 | Bláber | **0,05** | **4** |
| 0154020 | Trönuber | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0154030 | Rifsber (rauð og hvít) og sólber | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0154040 | Stikilsber (græn, rauð og gul) | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0154050 | Rósaldin | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0154060 | Mórber (svört og hvít) | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0154070 | Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0154080 | Ylliber | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0154990 | Annað (2) | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0160000 | **Ýmis aldin með** | | |
| 0161000 | a) **Ætu hýði** | | |
| 0161010 | Döðlur | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0161020 | Fíkjur | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0161030 | Ólífur til átu | **0,15** | **5** |
| 0161040 | Gullappelsínur | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0161050 | Stjörnualdin | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0161060 | Gallaldin | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0161070 | Jövuplómur | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0161990 | Annað (2) | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0162000 | b) **Óætu hýði, lítil** | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0162010 | Kíví (græn, rauð, gul) | | |

| 1) | 2) | | 3) | 4) |
|---|---|---|---|---|
| 0162020 | | Litkaber | | |
| 0162030 | | Píslaraldin | | |
| 0162040 | | Kaktusfíkjur | | |
| 0162050 | | Stjörnuepli | | |
| 0162060 | | Persimónur/Virginíu-kakí | | |
| 0162990 | | Annað (2) | | |
| 0163000 | c) | **Óætu hýði, stór** | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0163010 | | Lárperur | | |
| 0163020 | | Bananar | | |
| 0163030 | | Mangó | | |
| 0163040 | | Papæjualdin | | |
| 0163050 | | Granatepli | | |
| 0163060 | | Morgunberkjur | | |
| 0163070 | | Gvövur | | |
| 0163080 | | Ananas | | |
| 0163090 | | Brauðaldin | | |
| 0163100 | | Dáraaldin | | |
| 0163110 | | Nónberkjur | | |
| 0163990 | | Annað (2) | | |
| 0200000 | **NÝTT eða FRYST GRÆNMETI** | | | |
| 0210000 | **Rótar- og hnýðisgrænmeti** | | | |
| 0211000 | a) | **Kartöflur** | **0,2** | **0,05** |
| 0212000 | b) | **Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti** | **0,2** | **0,05** |
| 0212010 | | Kassavarætur | | |
| 0212020 | | Sætar kartöflur | | |
| 0212030 | | Mjölrótarhnýði | | |
| 0212040 | | Örvarrætur | | |
| 0212990 | | Annað (2) | | |
| 0213000 | c) | **Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum** | **0,4** | **0,9** |
| 0213010 | | Rauðrófur | | |
| 0213020 | | Gulrætur | | |
| 0213030 | | Hnúðsillur/hnúðsellerí | | |
| 0213040 | | Piparrót | | |
| 0213050 | | Ætihnúðar | | |
| 0213060 | | Nípur | | |
| 0213070 | | Steinseljurætur | | |
| 0213080 | | Hreðkur | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0213090 | Hafursrætur | | |
| 0213100 | Gulrófur | | |
| 0213110 | Næpur | | |
| 0213990 | Annað (2) | | |
| 0220000 | **Laukar** | **0,15** | 0,01 (*) |
| 0220010 | Hvítlaukur | | |
| 0220020 | Laukar | | |
| 0220030 | Skalottlaukar | | |
| 0220040 | Vorlaukar og pípulaukar | | |
| 0220990 | Annað (2) | | |
| 0230000 | **Aldingrænmeti** | | |
| 0231000 | a) **Náttskuggaætt og stokkrósaætt** | | |
| 0231010 | Tómatar | **0,4** | 0,7 |
| 0231020 | Paprikur | **0,9** | 0,9 |
| 0231030 | Eggaldin | **0,9** | **1** |
| 0231040 | Okrur | **0,4** | **0,9** |
| 0231990 | Annað (2) | 0,15 | 0,01 (*) |
| 0232000 | b) **Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði** | **0,7** | 0,6 |
| 0232010 | Gúrkur | | |
| 0232020 | Smágúrkur | | |
| 0232030 | Dvergbítar | | |
| 232990 | Annað (2) | | |
| 0233000 | c) **Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði** | | |
| 0233010 | Melónur | **0,3** | 0,01 (*) |
| 0233020 | Risagrasker | **0,3** | 0,01 (*) |
| 0233030 | Vatnsmelónur | 0,15 | 0,15 |
| 0233990 | Annað (2) | 0,15 | 0,01 (*) |
| 0234000 | d) **Sykurmaís** | **0,2** | **0,05** |
| 0239000 | e) **Annað aldingrænmeti** | 0,15 | 0,01 (*) |
| 0240000 | **Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)** | | |
| 0241000 | a) **Blómstrandi kál** | **0,7** | **0,6** |
| 0241010 | Spergilkál | | |
| 0241020 | Blómkál | | |
| 0241990 | Annað (2) | | |
| 0242000 | b) **Kálhöfuð** | | |
| 0242010 | Rósakál | **0,4** | **0,09** |
| 0242020 | Höfuðkál | **0,4** | **0,3** |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0242990 | Annað (2) | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0243000 | c) **Blaðkál** | | |
| 0243010 | Kínakál | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0243020 | Grænkál | **0,6** | **5** |
| 0243990 | Annað (2) | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0244000 | d) **Hnúðkál** | **0,4** | **0,09** |
| 0250000 | **Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm** | | |
| 0251000 | a) **Salat og salatplöntur** | | |
| 0251010 | Vorsalat/strábrúða | **0,3** | **6** |
| 0251020 | Salat | **0,2** | **6** |
| 0251030 | Breiðblaða salatfíflar | **0,08** | **0,07** |
| 0251040 | Karsi og aðrar spírur og sprotar | **0,3** | **6** |
| 0251050 | Vetrarkarsi | **0,3** | **6** |
| 0251060 | Klettasalat | **0,3** | **6** |
| 0251070 | Sinnepskál | **0,3** | **6** |
| 0251080 | Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*) | **0,3** | **6** |
| 0251990 | Annað (2) | **0,3** | **6** |
| 0252000 | b) **Spínat og áþekk blöð** | **0,3** | **6** |
| 0252010 | Spínat | | |
| 0252020 | Súpugull | | |
| 0252030 | Blaðbeðjur | | |
| 0252990 | Annað (2) | | |
| 0253000 | c) **Vínviðarlauf og áþekkar tegundir** | 0,04 | **0,01** (*) |
| 0254000 | d) **Brunnperla** | **0,08** | **0,07** |
| 0255000 | e) **Jólasalat/salatfíflar** | **0,08** | **0,07** |
| 0256000 | f) **Kryddjurtir og æt blóm** | **0,3** | **6** |
| 0256010 | Kerfill | | |
| 0256020 | Graslaukur | | |
| 0256030 | Blöð af sellerí | | |
| 0256040 | Steinselja | | |
| 0256050 | Salvía | | |
| 0256060 | Rósmarín | | |
| 0256070 | Garðablóðberg | | |
| 0256080 | Basilíka og æt blóm | | |
| 0256090 | Lárviðarlauf | | |
| 0256100 | Fáfnisgras | | |
| 0256990 | Annað (2) | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0260000 | **Belgávextir** | | |
| 0260010 | Baunir (með fræbelg) | **0,9** | **0,5** |
| 0260020 | Baunir (án fræbelgs) | **1** | **0,4** |
| 0260030 | Ertur (með fræbelg) | **0,9** | **0,5** |
| 0260040 | Ertur (án fræbelgs) | **1** | **0,4** |
| 0260050 | Linsubaunir | **1** | **0,4** |
| 0260990 | Annað (2) | 0,4 | 0,01 (*) |
| 0270000 | **Stöngulgrænmeti** | **0,2** | 0,01 (*) |
| 0270010 | Sperglar | | |
| 0270020 | Salatþistlar | | |
| 0270030 | Sellerí | | |
| 0270040 | Hnúðfenníkur | | |
| 0270050 | Ætiþistlar | | |
| 0270060 | Blaðlaukar | | |
| 0270070 | Rabarbarar | | |
| 0270080 | Bambussprotar | | |
| 0270090 | Pálmakjarnar | | |
| 0270990 | Annað (2) | | |
| 0280000 | **Sveppir, mosar og fléttur** | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0280010 | Ræktaðir sveppir | | |
| 0280020 | Villtir sveppir | | |
| 0280990 | Mosar og fléttur | | |
| 0290000 | **Þörungar og dreifkjörnungslífverur** | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0300000 | **BELGÁVEXTIR** | **3** | **3** |
| 0300010 | Baunir | | |
| 0300020 | Linsubaunir | | |
| 0300030 | Ertur | | |
| 0300040 | Lúpínur/lúpínubaunir | | |
| 0300990 | Annað (2) | | |
| 0400000 | **OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN** | | |
| 0401000 | **Olíufræ** | | |
| 0401010 | Hörfræ | 0,05 | 0,01 (*) |
| 0401020 | Jarðhnetur | **0,06** | **0,04** |
| 0401030 | Valmúafræ | 0,05 | 0,01 (*) |
| 0401040 | Sesamfræ | 0,05 | 0,01 (*) |
| 0401050 | Sólblómafræ | 0,05 | 0,01 (*) |
| 0401060 | Repjufræ | **0,3** | **0,3** |
| 0401070 | Sojabaunir | **0,7** | **1,5** |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0401080 | Mustarðsfræ | **0,3** | **0,3** |
| 0401090 | Baðmullarfræ | **0,08** | **0,8** |
| 0401100 | Risagraskersfræ | 0,05 | 0,01 (*) |
| 0401110 | Litunarþistilsfræ | 0,05 | 0,01 (*) |
| 0401120 | Hjólkrónufræ | 0,05 | 0,01 (*) |
| 0401130 | Akurdoðrufræ | 0,05 | 0,01 (*) |
| 0401140 | Hampfræ | 0,05 | 0,01 (*) |
| 0401150 | Kristpálmafræ | 0,05 | 0,01 (*) |
| 0401990 | Annað (2) | 0,05 | 0,01 (*) |
| 0402000 | **Olíurík aldin** | | |
| 0402010 | Ólífur til olíuframleiðslu | **0,15** | **5** |
| 0402020 | Olíupálmakjarnar | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0402030 | Olíupálmaaldin | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0402040 | Dúnviðaraldin | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0402990 | Annað (2) | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0500000 | **KORNVÖRUR** | | |
| 0500010 | Bygg | **0,8** | **3** |
| 0500020 | Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir | 0,3 | 0,01 (*) |
| 0500030 | Maís | **0,1** | **0,02** |
| 0500040 | Hirsi | 0,3 | 0,01 (*) |
| 0500050 | Hafrar | 0,3 | 0,01 (*) |
| 0500060 | Hrísgrjón | 0,3 | 0,01 (*) |
| 0500070 | Rúgur | 0,3 | 0,01 (*) |
| 0500080 | Dúrra | 0,3 | **3** |
| 0500090 | Hveiti | **1,5** | **1** |
| 0500990 | Annað (2) | 0,3 | 0,01 (*) |
| 0600000 | **TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ** | | |
| 0610000 | **Te** | 0,1 (*) | 0,05 (*) |
| 0620000 | **Kaffibaunir** | **0,2** | **1** |
| 0630000 | **Jurtate úr** | | 0,05 (*) |
| 0631000 | a) **Blómum** | 0,1 (*) | |
| 0631010 | Gæsajurt | | |
| 0631020 | Læknakólfur | | |
| 0631030 | Rósir | | |
| 0631040 | Jasmína | | |
| 0631050 | Lindiblóm | | |
| 0631990 | Annað (2) | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0632000 | b) **Blöðum og kryddjurtum** | 0,1 (*) | |
| 0632010 | Jarðarber | | |
| 0632020 | Rauðrunnalauf | | |
| 0632030 | Indíánaþyrnislauf | | |
| 0632990 | Annað (2) | | |
| 0633000 | c) **Rótum** | 0,1 (*) | |
| 0633010 | Garðabrúða | | |
| 0633020 | Ginseng | | |
| 0633990 | Annað (2) | | |
| 0639000 | d) **Öðrum plöntuhlutum** | | |
| 0640000 | **Kakóbaunir** | **0,06** | 0,05 (*) |
| 0650000 | **Jóhannesarbrauð** | 0,1 (*) | 0,05 (*) |
| 0700000 | **HUMLAR** | 0,3 | 4 |
| 0800000 | **KRYDD** | | |
| 810000 | **Krydd úr fræjum** | 0,1 (*) | 0,05 (*) |
| 0810010 | Anís/anísfræ | | |
| 0810020 | Ilmfrú | | |
| 0810030 | Sellerí | | |
| 0810040 | Kóríander | | |
| 0810050 | Kúmín | | |
| 0810060 | Dill | | |
| 0810070 | Fenníkur | | |
| 0810080 | Grikkjasmári | | |
| 0810090 | Múskat | | |
| 0810990 | Annað (2) | | |
| 0820000 | **Aldinkrydd** | 0,1 (*) | 0,05 (*) |
| 0820010 | Allrahanda | | |
| 0820020 | Kínapipar | | |
| 0820030 | Kúmen | | |
| 0820040 | Kardimommur | | |
| 0820050 | Einiber | | |
| 0820060 | Pipar (svartur, grænn og hvítur) | | |
| 0820070 | Vanilla | | |
| 0820080 | Tamarind | | |
| 0820990 | Annað (2) | | |
| 0830000 | **Barkarkrydd** | 0,1 (*) | 0,05 (*) |
| 0830010 | Kanill | | |
| 0830990 | Annað (2) | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0840000 | **Krydd úr rótum og jarðstönglum** | | |
| 0840010 | Lakkrís | 0,1 (*) | 0,05 (*) |
| 0840020 | Engifer (10) | | |
| 0840030 | Túrmerik/gullinrót | 0,1 (*) | 0,05 (*) |
| 0840040 | Piparrót (11) | | |
| 0840990 | Annað (2) | 0,1 (*) | 0,05 (*) |
| 0850000 | **Blómhnappakrydd** | 0,1 (*) | 0,05 (*) |
| 0850010 | Negull | | |
| 0850020 | Kapers | | |
| 0850990 | Annað (2) | | |
| 0860000 | **Frævukrydd** | 0,1 (*) | 0,05 (*) |
| 0860010 | Saffran | | |
| 0860990 | Annað (2) | | |
| 0870000 | **Frækápukrydd** | 0,1 (*) | 0,05 (*) |
| 0870010 | Múskatblóm | | |
| 0870990 | Annað (2) | | |
| 0900000 | **SYKURPLÖNTUR** | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 0900010 | Sykurrófurætur | | |
| 0900020 | Sykurreyr | | |
| 0900030 | Kaffifífilsrætur | | |
| 0900990 | Annað (2) | | |
| 1000000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR** | | |
| 1010000 | **Vörur úr** | | |
| 1011000 | a) **Svínum** | | |
| 1011010 | Vöðvi | **0,15** | **0,03** |
| 1011020 | Fita | 0,1 | **0,015** |
| 1011030 | Lifur | **0,09** | **0,08** |
| 1011040 | Nýru | **0,2** | **0,09** |
| 1011050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | **0,2** | **0,09** |
| 1011990 | Annað (2) | **0,2** | **0,09** |
| 1012000 | b) **Nautgripum** | | |
| 1012010 | Vöðvi | **0,4** | **0,3** |
| 1012020 | Fita | **0,5** | **0,2** |
| 1012030 | Lifur | **0,4** | **1** |
| 1012040 | Nýru | **0,5** | **1** |
| 1012050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | **0,5** | **1** |
| 1012990 | Annað (2) | **0,5** | **1** |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 1013000 | c) **Sauðfé** | | |
| 1013010 | Vöðvi | **0,2** | **0,3** |
| 1013020 | Fita | **0,15** | **0,2** |
| 1013030 | Lifur | **0,15** | **1** |
| 1013040 | Nýru | **0,3** | **1** |
| 1013050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | **0,3** | **1** |
| 1013990 | Annað (2) | **0,3** | **1** |
| 1014000 | d) **Geitum** | | |
| 1014010 | Vöðvi | **0,2** | **0,3** |
| 1014020 | Fita | **0,15** | **0,2** |
| 1014030 | Lifur | **0,15** | **1** |
| 1014040 | Nýru | **0,3** | **1** |
| 1014050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | **0,3** | **1** |
| 1014990 | Annað (2) | **0,3** | **1** |
| 1015000 | e) **Hestum** | | |
| 1015010 | Vöðvi | **0,4** | **0,3** |
| 1015020 | Fita | **0,5** | **0,2** |
| 1015030 | Lifur | **0,4** | **1** |
| 1015040 | Nýru | **0,5** | **1** |
| 1015050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | **0,5** | **1** |
| 1015990 | Annað (2) | **0,5** | **1** |
| 1016000 | f) **Alifuglum** | | 0,01 (*) |
| 1016010 | Vöðvi | **0,15** | |
| 1016020 | Fita | 0,03 | |
| 1016030 | Lifur | **0,3** | |
| 1016040 | Nýru | 0,02 (*) | |
| 1016050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 0,02 (*) | |
| 1016990 | Annað (2) | 0,02 (*) | |
| 1017000 | g) **Öðrum öldum landdýrum** | | |
| 1017010 | Vöðvi | **0,4** | **0,3** |
| 1017020 | Fita | **0,5** | **0,2** |
| 1017030 | Lifur | **0,4** | **1** |
| 1017040 | Nýru | **0,5** | **1** |
| 1017050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | **0,5** | **1** |
| 1017990 | Annað (2) | **0,5** | **1** |
| 1020000 | **Mjólk** | | |
| 1020010 | Nautgripir | **0,07** | **0,15** |
| 1020020 | Sauðfé | 0,03 | **0,15** |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 1020030 | Geitur | 0,03 | **0,15** |
| 1020040 | Hestar | 0,03 | 0,01 (*) |
| 1020990 | Annað (2) | 0,03 | 0,01 (*) |
| 1030000 | **Fuglsegg** | **0,1** | 0,01 (*) |
| 1030010 | Hænsni | | |
| 1030020 | Endur | | |
| 1030030 | Gæsir | | |
| 1030040 | Kornhænur | | |
| 1030990 | Annað (2) | | |
| 1040000 | **Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)** | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 1050000 | **Froskdýr og skriðdýr** | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 1060000 | **Landhryggleysingjar** | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 1070000 | **Villt landhryggdýr** | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 1100000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)** | | |
| 1200000 | **AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU NOTAÐIR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)** | | |
| 1300000 | **UNNIN MATVÆLI (9)** | | |

(*) Neðri greiningarmörk
([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka“

2) Í A-hluta III. viðauka falla dálkarnir fyrir díflúoróediksýru og flúpýradífúrón brott.